

Aðalfundur Snæfells

haldinn í Grundarfirði 17. september 2017

Tillögur til 33. aðalfundar LS

Veiðigjald

1. Aðalfundur Snæfells leggur til að veittur verði afsláttur af veiðigjaldi þeirra sem eru eingöngu í útgerð án fiskvinnslu.
Greinargerð: Einyrkjaútgerð á í vök að verjast og hallar verulega á þá í samkeppni við útgerð með fiskvinnslu.
2. Aðalfundur Snæfells leggur til að veiðigjald verði fært til fyrra horfs þannig að veiðiréttarhafar greiði veiðigjaldið.
3. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega fyrirhugaðri hækkun veiðigjalda og varar við því að rekstur smábáta verði mun erfiðari en nú er.

Krókaafلامark / aflamark

1. Aðalfundur Snæfells leggur til að leyfðar verði þorsknetaveiðar á krókaafلامarksbátum.
2. Aðalfundur Snæfells leggur til við aðalfund LS að farið verði í að vinna að því öllum árum að krókaafلامarkskerfi verði sameinað almennu aflamarkskerfi.
Þegar gengið verði til atkvæða um þetta mál, ættu þeir sem engra hagsmuna hafa að gæta að sitja hjá, þ.e.a.s. strandveiðimenn og þeir sem hafa verulega litlar eða engar krókaafلامheimildir.

Stjórnkerfi fiskveiða

1. Aðalfundur Snæfells lýsir fullum stuðningi við aflamarkskerfið.
2. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega uppboðsleið á aflaheimildum. Slíkar hugmyndir stefna útgerð um land allt í uppnám og óvissu.

Strandveiðar

Aðalfundur Snæfells leggur til að tillögur til strandveiða verði eftirfarandi:

Leyfðir verði 12 sóknardagar í hverjum mánuði maí-ágúst á hverju ári mánudag-fimmtudag, með sömu takmörkunum og nú eru þ.e. 774 kg, fjórar rúllur, 14 klst, óframseljanlegir og ófæranlegir milli mánaða.

Greinargerð: Með þessu yrði hægt að velja veður sjálfur (12 af 16 dögum), betri afli, hærra verð og dreifðist betur yfir mánuðinn. Veikindi og bilanir yrði hægt að taka á, án þess að missa sóknardag.

Aflaívilnun

1. Aðalfundur Snæfells samþykkir tillögu um að LS beiti sér fyrir að línuívilnun verði 30% í stað 20 % sem nú er.
2. Aðalfundur Snæfells leggur til að tekin verði upp aflaívilnun til þeirra sem landa á fiskmarkað.

Greinargerð: Yrði það til styrkingar á fiskmörkuðum og myndi einnig styrkja einyrkjaútgætur.

Lokun veiðisvæða

1. Aðalfundur Snæfells telur að reglugerðarhólf eigi að opna tafarlaust og að ráðuneytið hlusti betur á heimamenn í sambandi við lokanir.
2. Reglugerðarhólf verði ekki sett á handfæraveiðar heldur verði þeir bátar, sem uppvisir eru að veiðum á smáfiski sviptir veiðileyfi.
3. Aðalfundur Snæfells leggur til að hrygningarstoppi við Faxaflóa og Breiðafjörð ljúki 11. apríl ár hvert.

Makrílveiðar

Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega kvótasetningu á makríl og skorar á stjórnvöld að taka upp fyrra stjórnkerfi við veiðar smábáta á makríl og ekki verði kvikað fra kröfunni um 16% hlutdeild smábáta í útgefnum heildarafla á makríl.

Tegundatilfærsla

Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir að tegundafærslur verði færðar til fyrra horfs, þ.e. að menn (bátar) megi nota allt að 2% af hverri tegund til tegundabreytinga, þó að hámarki 5% eins og það var.

Greinargerð: Rökin fyrir þessu eru að menn sjái sér hag í að láta ufsa detta niður dauðann, sem er þvert á tilgang fiskveiðilaganna frá 2010. Til að útskýra málið þá eru menn að fara svokallaða öfuga tilfærslu með því að láta ufsa detta niður dauðann og fá aukningu í öðrum aukategundum í staðinn. Það var ekki tilgangur umræddra laga.

Grásleppuveiðar

1. Aðalfundur Snæfells leggur til að heimilt verði að sameina 2 grásleppuleyfi á bát.

Greinargerð: Sameining leyfa verði til þess að hagkvæmara verði að gera út grásleppubát, nýta netaúthaldið og bátinn í lengri tíma en nú er o.s.frv.

2. Aðalfundur Snæfells vill að eigendur grásleppuleyfa fái að kjósa um það einir hvort kvótasetja eigi grásleppu eða ekki.
3. Aðalfundur Snæfells leggur til að veiðidagar á grásleppuveiðum taki mið af heildarafla sem Hafrannsóknastofnun leggur til.
4. Aðalfundur Snæfells leggur til við aðalfund LS að nú þegar verði hafin vinna að kvótasetningu, þ.e.a.s. aflamark per bát á grásleppu.
Við þessa vinnu er þó frumskilyrði að veiðiskyldan sé 0% og við kvótasetningu verði viðmiðunartíminn við útreikning aflaviðmiðunar mjög langur, eða að lágmarki 7 ár. Verði þetta ekki gert er þessi tillaga fallin um sjálfa sig.
Æskilegt er að þeir sem ekki tengjast grásleppuveiðum á nokkurn hátt sitji hjá við atkvæðagreiðsluna.

Hvítlúða

1. Aðalfundur Snæfells vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.
2. Aðalfundur Snæfells fer fram á að LS óski eftir gögnum frá Hafró um rannsóknir og niðurstöður úr þeim rannsóknum um vöxt eða hnignun lúðustofnsins í íslenskri landhelgi síðan lúðuveiðar voru alfarið bannaðar 1. janúar 2012 á króka en áfram leyft löndun á lúðu úr öðrum veiðarfærum, ef að lúða væri talin hafa litlar lífslíkur.

Rannsóknir

Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum og hvaða áhrif það hafi á lífríki Breiðafjarðar.

Öryggismál

1. Aðalfundur Snæfells telur brýnt að efla þurfi öryggismál sjómanna.
2. Aðalfundur Snæfells skorar á Samgöngustofu að nöfn báta séu rétt skráð á AIS. Ella fái þeir bátar ekki haffærisskírteini.

Markaðsmál

Aðalfundur Snæfells skorar á sjávarútvegsráðherra að reyna með öllum ráðum að opna fyrir viðskipti við Rússland hið fyrsta.